



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Landgræðslan
Gunnarsholti
851 Hella

Reykjavík 14. júní 2021

2104006SA KB
Málalykill: 11.22

Efni: Umsögn um drög að landgræðsluáætlun 2021-2031

Vísað er til tölvupósts frá Landgræðslunni, dags. 6. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögnum Sambands íslenskra sveitarfélaga um drög að landgræðsluáætlun 2021-2031 og drög að umhverfismati áætlunarinnar.

Sambandið átti fulltrúa í verkefnastjórn um gerð áætlunarinnar en meginmarkmið hennar eru *vistkerfi heil og fjölbreytt, í samræmi við vistgetu, landnýting sjálfbær og náttúrumiðaðar lausnir ríkjandi og almenn þekking og víðtækt samstarf um vernd, endurheimt og sjálfbæra nýtingu vistkerfa.*

Áherslur Sambands íslenskra sveitarfélaga

Í umsögn um lýsingu fyrir gerð landgræðsluáætlunar, dags. 13. febrúar 2020, setti sambandið fram eftirfarandi áherslur gagnvart verkefninu:

- *Hugað verði að samlegð við uppfærslu á landsskipulagsstefnu sem og öðrum stefnum og áætlunum í málaflokkum*
- *Skoðað verði hvernig löggjöf um landnotkun hafi staðist tímans tönn*
- *Skoðað verði hvort æskilegt sé að tengja vinnu verkefnastjórnarinnar við endurskoðun búvörusamninga*
- *Verkefnastjórnin skoði tillögur um mögulegar aðgerðir í tengslum við ágang gæsa og álfta*
- *Skoðað verði hvort aðgerðir til að sporna við akstri utan vega geti komið til skoðunar*

Þessar áherslur hafa að einhverju leyti skilað sér inn í vinnuna en misvel þó.

Ábendingar sambandsins við drögin

Samlegð við aðra stefnumótun

Ástæða er til að nefna að meira og markvissara samráð hefði mátt hafa á milli vinnu sem fram fór á sama tíma við mótun skógræktaráætlunar og endurskoðun landsskipulagsstefnu. Í drögunum er fjallað um samlegð þessara áætlana, ásamt

náttúruverndaráætlun, aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, stefnumótandi byggðaáætlun og skipulagsáætlanir sveitarfélaga, en ekki virðist vera nægilega skýr farvegur til staðar til samvinnu um mótun þessara áætlana.

Að áliti Sambands Íslenskra sveitarfélaga er brýnt að framkvæmd þessara stefna og áætlana fari ekki fram í tómarúmi heldur verði lögð áhersla á samvinnu og virkt upplýsingastreymi um framgang þeirra, ekki síst til sveitarfélaga og samtaka þeirra. Sambandið tekur því heilshugar undir með verkefnastjórninni um að nauðsynlegt sé að auka samþættingu og samstarf þvert á ráðuneyti og stofnanir í samvinnu við sveitarfélög og hagsmunaaðila.

Aðgangur að grunngögnum við skipulagsgerð

Líkt og fram kemur í stefnuþrógunum er landgræðsluáætlun ætlað að hafa bein áhrif á skipulagsgerð sveitarfélaga á þann hátt að heildstæð vistkerfavernd, endurheimt raskaðra vistkerfa og sjálfbær landnýting verði sjálfsagður hluti af skipulagsferli sveitarfélaga landsins. Kröfur til skipulagsgerðar sveitarfélaga eru sífellt að aukast. Það er því mikilvægt að sveitarfélög hafi greiðan aðgang að nauðsynlegum grunngögnum og leiðbeiningum við skipulagsgerð og að áhersla verði lögð á faglegar rannsóknir í málaflokknum.

Byggðasjónarmið

Í stefnuþrógunum segir:

„Landnýting er mikilvægur grundvöllur dreifðra byggða hér á landi líkt og annarsstaðar. Landbúnaður, ferðaþjónusta, hlunnindabúskapur og orkuvinnsla og dreifing eru allt hluti af þessu. Ef stefna stjórnvalda um að viðhalda dreifðum byggðum á að ná fram að ganga þarf landnýting því áfram að styðja við atvinnu og byggðir til langframa og þar af leiðandi að vera sjálfbær umhverfislega, samfélagslega og efnahagslega. Því er mikilvægt að stuðla að því að landnýting verði sjálfbær og að breytingin yfir í það valdi sem minnstri röskun á atvinnu og byggð.“

Sambandið tekur undir þessi sjónarmið og ítrekar mikilvægi samþættingar við byggðaáætlun. Í þessu samhengi er því afar mikilvægt að skapa sátt um vernd og endurheimt vistkerfa, vörsluskyldu búfjár, girðingarmál, samræmingu beitar og landgræðslu og endurskoðun styrkjakerfisins svo fátt eitt sé nefnt.

Loftslagsmál, hringrásarhagkerfið og önnur umhverfismál

Sambandið tekur undir mikilvægi þess að sveitarfélög landsins hafi aðgang að upplýsingum um ástand vistkerfa og möguleikum á vernd, endurheimt og sjálfbærri nýtingu þeirra til að nýta í sínu aðalskipulagi eins og kemur fram undir markmiði 1.1. í stefnunni (bls. 13). Þó er rétt að benda á mikilvægi þess að slík kortlagning sé

stöðluð yfir landið allt og sé á ábyrgð stofnanna ríkisins svo að einstaka sveitarfélög beri ekki kostnað vegna þessa.

Í stefnunni er talið æskilegt að í framtíðinni verði kolefnislosun frá landi og kolefnisforði í jarðvegi og gróðri kortlagður bæði fyrir þurrlandis- og votlandisvistkerfi (bls. 16). Sveitarfélög og landsamtök þeirra hafa mörg hver ráðist í kortlagningu á kolefnisspori síns svæðis og rétt er að nefna hér að útreikningar á losun gróðurhúsalofttegunda vegna landnotkunar eru háðir verulegri óvissu, enda breytileiki lands langtum meiri en hægt er að endurspegla með einfaldri skiptingu lands í flokka og einföldum losunarstuðlum fyrir hvern flokk eins og gengið hefur verið út frá. Sambandið telur að gögn fyrir áreiðanlegt losunarbókhald vegna landnotkunar séu af alltof skornum skammti og að efla þurfi rannsóknir um þetta efni sem hefur ekki verið nægjanlega sinnt miðað við það hversu mikilvægur þessi þáttur er í heildar kolefnisbúskap landsins.

Sambandið telur heillarátt að efldar séu náttúrumiðaðar lausnir gegn náttúruvá og þær samþættar við markmið landskipulagsstefnu á hverju svæði eins og nefnt er undir markmiði 1.3 (bls. 20), sér í lagi þegar kemur að aðlögun að loftslagsbreytingum. Sveitarfélögin þurfa þó að hafa mun betri og handhægari gögn til að byggja sínar áætlanir á og má sem dæmi leita leiðsagnar til Noregs og Danmerkur um hvernig upplýsingum um framreiknaða áhrifaþætti loftslagsbreytinga er komið til sveitarfélaga. Jafnframt ætti slík vinna að vera samþætt við aðra stefnumótun og áætlanagerð. Í þingsályktunartillögu að endurskoðaðri Landsskipulagsstefnu 2015–2026 er því beint til sveitarfélaga að setja sér stefnu um aðlögun byggðar og samfélags að þeim afleiðingum sem hafa orðið og munu verða vegna loftslagsbreytinga. Þar er einnig gert ráð fyrir að sveitarfélög taki afstöðu í skipulagsáætlunum um hvaða takmarkanir þekktar afleiðingar loftslagsbreytinga setja uppbyggingu og landnýtingu í sveitarfélaginu og setji viðeigandi skipulagsákvæði þar sem það á við.


Undir markmiði 2.4 er nefnt að næringarefni frá fráveitukerfum berast í vötn, vatnsföll og sjó sem getur leitt til röskunar á vatnavistkerfum sökum næringarofauðgunar. Sambandið telur rétt að líta til þess að ítarlegar rannsóknir hafa sýnt að losun skólps hefur lítil sem engin áhrif á gæði sjávarins í kringum Ísland. Umfjöllun um úrgangsmál undir því markmiði hefur jafnframt litla sem enga tilvísun eða samsvörun við stefnu ráðherra um meðhöndlun úrgangs 2021-2032 sem nú er á lokametrunum og telur sambandið mikilvægt að ráða bót á því. Til að mynda munu fyrirhugaðar kröfur um sérsöfnun á lífrænum úrgangi og bann við urðun lífúrgangs kalla á að tækifæri í frekari nýtingu afurða úr úrgangi, t.d. moltu og metans, séu rýnd sérstaklega. Mælikvarði B undir þessu markmiði er „Náttúrumiðaðar lausnir krafa í útboðum á vegum ríkis og sveitarfélaga“ og er fjármála og efnahagsráðuneytinu (FER) einu falin ábyrgð yfir því verkefni sem æskilegt er að skoða en óljóst er einnig hvaða útboð er verið að vísa í. Sambandið vísar í fyrri umsagnir um afstöðu til hugmynda um urðunarskatt, sér í lagi í tengslum við fyrrnefnda stefnu ráðherra um meðhöndlun úrgangs.

Fjármögnun verkefna

Ljóst er að árangur af stefnumótun og áætlanagerð ræðst fyrst og fremst af þeim aðgerðum sem ráðist verður í til að ná markmiðum stefnunnar, því fjármagni sem til þeirra verður varið og vel skilgreindri ábyrgð á framkvæmd þeirra. Því er að mati sambandsins nauðsynlegt að útfæra skýrar aðgerðir og leggja mat á kostnað þeirra. Áskilur sambandið sér því rétt til að koma að frekari athugasemdum við kostnaðarmat áætlunarinnar þegar þar að kemur.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri